



Dansarar hjá Kramhúsinu sýna afró-brasilískar listir í dag og á morgun.

Sumarsveifla Kramhússins

„RACA“, sem þýðir orka, er heitið á afro-brasilískri danssýningu sem flutt verður í Kramhúsinu í dag föstudaginn 11. og á morgun laugardaginn 12. júní kl. 21.

Þessi „litríka orkusveifla“ er hvort tveggja í senn lokapunktur vetrarstarfsins og upptakturinn að

sumarstarfi Kramhússins.

Á sýningunni ætla brasilískir gestakennarinn Mauricio Marques, ásamt dönsurum og trumbuslögurum sem hann hefur kennt og þjálfað á vorönn, að veita áhorfendum innsýn í afró-brasilíska dansinn sem byggist á arfi forfeðranna frá Afríku.



Í KVÖLD kl. 21.00:
Tónleikar í Bæjarbíói. Vinir Dóra, Chicago Beau og Deitra Farr.
Fram á nótt: Klúbbur listahátíðar:
Trío Björns Thoroddsen, Linda Walker ásamt gestum.

Bretland


Íslensk list á hringferð

LIST að ofan eða „Art from above“ nefnist íslensk farandsýning sem hóf göngu sína í tvennu lagi í Bretlandi í apríl síðastliðnum, og lýkur göngu sinni í lok ágústmánuðar. Listamennirnir Edda Jónsdóttir, Kolbrún Björnsdóttir (Kogga), Magnús Kjartansson, Páll Guðmundsson, Sverrir Ólafsson og Þorlákur Kristinsson (Tolli) eiga verkin á sýningunni, sem er að stofni til sú sama og sýnd var á samnorrænni menningarhátíð í Lundúnum í október á síðasta ári.

Verkin á farandsýningunni voru fyrst sýnd saman á samnorrænu menningarhátíðinni í Barbican Center sem bar nafnið „Tender is the North“, og vöktu mikla athygli þar sem Íslendingar lögðu undir sig rými í Butlers Wharf og breyttu því í sýningarsvæði. „Aðrar sýningar hátíðarinnar þótu flestar stofnanalegar og leiðinlegar,“ sagði Magnús Kjartansson í spjalli við Morgunblaðið, „en breskir gagnrýnendur og ýmis stórmenni urðu hugfangnir af grasrótartilfinningunni í sýningunni og hún naut vinsælda fyrir vikið. Að lokinni hátíðinni vildi íslenska sendiráðið því beita sér fyrir að fleiri fengu að sjá verkin og bauð nokkrum opinberum sýningarsölum í Englandi að hýsa hana.“ Nokkrir þeirra þáðu boðið og var sýningunni skipt í tvennt og hófst hringferð hennar 6. apríl síðastliðinn í Royal Cornwall Museum í Truro, en síðan tók Plymouth Art Gallery í Plymouth við þar sem hún stendur til 3. júlí, ásamt því að vera sýnd í MaClaurin Art Gallery í Ayr til 13. júní. Næstu sýningarstaðir verða Freens Art Gallery í Hull, eða frá 15. júní til 24. júlí, og Brighton University Art Gallery í Brighton þar sem sýningin



Nokkrir gestanna á opnuninni í Maclaurin Art Gallery.



Morgunblaðið/Börkur

Edda Jónsdóttir listakona við opnun á „Art from Above“ ásamt safnstjóra Rozelle House þar sem Maclaurin Art Gallery í Ayr er til húsa.

hefst 26. júlí og stendur til 28. ágúst. Víða hefur sýningunni þó verið framlengt vegna góðrar aðsóknar,

og því gætu þessar dagsetningar breyst lítillega.

Af lífsflóru

Myndlist

Bragi Asgeirsson

Á laugardegi rétt fyrir lokun leit ég enn einu sinni inn á Kjarvalsstaði til að njóta magnaðrar listar bandaríska ljósmyndarans Mary Ellen Mark sem stendur til 11. júlí og annarra ágættra sýninga sem þar eru uppi fram til sunnudagsins 13. júní. Þetta var á sólbjartasta degi sumarsins og örfáir gestir í þessu mikla og opna rými sem húsakynninn eru. Sýningarvörður tjáði mér að mjög fáir gestir hefðu komið á staðinn þennan dag, sem var eðlilegt, því að manngrúi var víða um borgina að víðra sig og njóta síðbúinnar sumarblíðu, en að öðru leyti hefði aðsóknin verið góð.

Lífið er máttugt, og fegurðina er jafnt að finna í hinu stóra sem smáa, tempruðum beltum sem ísköldum, hagsæld sem mótlæti.

Við höfum lifað kuldalegt vor og hryssingslega sumarbyrjun, en þó hafa litirnir í hafinu sjaldan verið dimmbláir né fjallasýn jafn formfögur og anganvangur er sem óðast að klæðast sínum sterkgræna hjúp og elfur kvíslast silfurtær til sjávar.

Fyrir allnokkrum árum bauð fyrrum meðrýnir minn við blaðið, Valtýr sálugi Pétursson, mér í dagsferð til Grænlands. Gleymi ég því aldrei er við nálguðumst jökulfrerann hve hafið fyrir neðan var blátt og hið hvíta hvítt, og hve mikill ferskleiki streymdi frá þessum litbrigðum. Þetta var sá dagur er ekki fyrnist fyrir, fagur, magnaður nýrri lífsreynslu og sem upphafinn.

Á líkan hátt magnast hver dagstund, sem eytt er fyrir framan ljósmyndir Mary Ellen Mark af margræðri lífsflórunni, því að þótt myndefnið sé ekki sótt í gleði og glaum lífsins, frekar til hinna nóturlegru hlíða þess, töfrast það af

þeim lífsneista sem mikil list inniheldur. Og þá skiptir ei máli hvar listamaðurinn ber niður í myndefnivali sínu heldur meðhöndlun þess og túlkun.


Mary Ellen Mark leitast hins almenna og sérstæða í hvunndeginum, þess sem er til staðar nakið og hrátt, en forðast hið tilbúna og falska yfirborð. Hún beinir linsuopinu að mannlífínu allt um kring og afhjúpar um leið hráskinnseik þess, margbreytni og tvíhygli.

Það er maðurinn sjálfur sem listakonan hefur áhuga á sem myndefni, og þá helst í mótlæti eða þar sem hann er ráðvilltur í grimmum heimi sem á margan hátt skilur okkur sáralítið frá athöfnunum skynlítilla dýra, þar sem aðalatriðið virðist vera að komast af á kostnað hins minni máttar.

En lífsbaráttu fátæktar og mótlætis ber ósjaldan í sér meiri reisu en úrkynjun auðseldarinnar, og er auk þess sannari fegurð, og það er styttra í þann skít er gefur af sér fögur blóm en í hinu sóthreinsaða umhverfi neyslupjódfélagsins, þar sem jafnvel draumar mannsins eru pakkaðir inn í plast og bragðlaukarnir örvaðir með glestum umbúðum er marka líksöng regnskóganna.

Kjarninn í þessu er hin hrjúfa baráttu, sem leiðir suma á vit lífsblekkinga og örvæntingar, en hér er þó ekki um neinn áróður að ræða og gerandinn prédikar hvorki né flytur frelsandi boðskap, því meginmáli skiptir að afhjúpa og afklæða hvunndaginn sparíflikum sínum, en gera það með brögðum listar.

Til þess ferðast hann víða um lönd, fer í heimsókn á sjúkrahús og stofnanir, myndar kynlega kvísi á götu úti eða höndlar sérstæð augnablik úr hvunndeginum. Hér eru sérstakir tyllidagar skammt undan eins og t.d. hrekkjavakan og þjóðhollustudagurinn,



Á Hollywood Boulevard, Hollywood, Kaliforníu, 1987.

sem er mun meira til eftirbreytni en margt það sem við höfum tekið upp og á að vera skylt ameríska draumnum, en verður iðulega í meðföllum útlenndra að amerísku martróðinni.

Mary Ellen heimsækir jafnt geðsjúkrahús, þar sem hún nær sérstæðum snilldarskotum er hreyfa við djúpum kenndum, gjálfsstaði, menningarklúbba sem fjölleikahús og alltaf er hún að höndla eitthvað sem henni finnst koma linsuopinu sérstaklega við. Í myndum hennar er ekkert kynslóðabil, því að hún tekur jafnt myndir af ungum sem öldnum. Á einni myndinni sér til að mynda í sofandi kasólétta stúlku í Brooklyn, New York, og á annarri er ung telpa að bera ósku burt af líkbrennslustað í Benares á Indlandi. Þetta er ferill mannsins, upphaf sem endalok, og allt þar á milli, gleði hans, lífsraunir, meinleg örlög, leikir hvunndagsins sem hoffmannlegar athafnir. Umfram allt maðurinn og athafnir

hans í forgrunni. Þetta eru hlutir sem koma okkur við og eru allt í kring, en sem margur tekur ekki eftir og vill ekki taka eftir í þægilegum óskilgreindum og vernduðum draumheimi, en er um leið kominn í spor þess skynlausa, sem ósjálfbjarga er matreiddur á stofnunum.

Ljósmyndirnar koma skoðandanum til að rýna í kvistina á altari tilverunnar og hugleiða tilgang og tilgangseysi lífsins, og þetta eru í senn heimildir sem fréttaskot frá hinum ýmsu jöðrum þess. Sumt er staðbundið en annað er afkvæmi þéttbýlis og óhjálkæmlegru fylgiskur þess og finnst einnig í dýrarkínu, en þar eru viðhafðar aðrar reglur sem eru í meira samræmi við hringrásina.

Maðurinn, þ.e. hinn nýi maður eða homo sapiens, eins og það heitir á vísindamáli, hefur fyrir löngu rofið hringrásina, en vill ekki gera sér grein fyrir því, og þar af leiðandi koma þessar myndir hins

kvíknakta raunsæis okkur svo miklið við.

Það er rétt og jafnframt eðlilegt að á tímum myndvæðingar hefur vægi ljósmyndarinnar aukist, og ritmálið er jafnframt á undanhaldi, en þó kannski aðeins um stund eða þar til það verður endurreist í nýrri mynd, því það er ómissandi. Stöðugt fleiri ljósmyndasýningar ganga um heiminn og auka við sjónrænt skynsvið mannsins og gera hann að þátttakanda í daglegu lífi fólks í fjarlægum heimshornum. Heimurinn er þannig að verða meiri sameign en áður, en um leið eflist þjóðerniskennd manna og vitundin um mikilvægi eigin lífs. Kannski skondnar og þverstæðukenndar andstæður en hluti af lífsflórunni engu að síður, og hér er í og með komin ástæðan fyrir því að menn berast svo víða á banaspjótum.

Hið svart-hvíta myndmál er iðulega ríkjandi í raunsæri túlkun umhverfisins, því að það er hreinna og beinna og gefur meiri möguleika á milliliðalausri og skilvirkri frásögn og eykur hrifmátt hennar. Litir vilja oftast en ekki dreifa athyglinni í ljósmyndum auk þess að þeir koma kannski þeim boðskap sem ljósmyndarinn vill koma á framfæri lítið við. Auk þess er fegurð hinna svart-hvítu blæbrigða mikil og víðfeðm. Allir ættu að geta séð, að skapgerðareinkenni manna koma betur út í svart-hvítum myndum og þær afhjúpa meira en litmyndir, og ætti því kannski að löggleiða þær í persónuskilríki og banna hin uppgerðu og villandi bros.

Sýning Mary Ellen Mark nær yfir aldarfjórðung og eru á henni 125 ljósmyndir. Elstu myndirnar eru frá Tyrklandi þar sem hún var á ferð 1965, en yngstu myndirnar eru frá Indlandi sem er henni mjög kært fyrir hið fjölþætta og iðandi mannlíf.

Það má þannig álykta, að ekkert mannlegt sé ljósmyndaranum óviðkomandi, svo fremi sem það hreyfi við kenndum hans, en með þeim fyrirvara þó að hér er ekki um fáfengilegan uppplátt að ræða heldur blákaldrar staðreyndir.